

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

Reykjavík 04.05.18

### Umsögn Landverndar um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða. Mál 425.

Landvernd þakkar tækifæri til að gefa álit sitt á ofangreindu frumvarpi um skipulag haf- og strandsvæða sem er nýtt og afar þarft viðfangsefni í skipulagsmálum á Íslandi. Frumvarpið er eðlilegt framhald af staðfestingu Landsskipulagsstefnu 2015–2026 þar sem er að finna sérstakan kafla um haf- og strandsvæði og ákvæði um að komið verði á fót “svæðisbundinni skipulagsgerð fyrir haf- og strandsvæði næst landi sem veiti grundvöll fyrir nýtingu haf- og strandsvæða, taki mið af mismunandi hagsmunum og samþættingu nýtingar og verndar við ströndina”.

Landvernd hefur því miður ekki haft tæk á að rýna þetta mikilvæga frumvarp sem skyldi en bendir þó á alvarlegan lapsus í markmiðssetningu frumvarpsins þar sem hvergi er minnst á náttúruvernd eða vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Þó segir í greinargerð (bls. 22) “Markmiðsákvæði frumvarpsins byggja m.a. á markmiðum þeim sem koma fram í þings- ályktun um landsskipulagsstefnu 2015–2026”

Í fyrsta lið markmiðssetningar frumvarpsins segir: “að nýting og vernd auðlinda haf- og strandsvæða verði í samræmi við skipulag sem hefur <sup>[1]</sup>efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna....leiðarljósi” Þarna gleymist 3. stoð <sup>[1]</sup>sjálfbærrar þróunar, náttúru- og umhverfisvernd. Fyrsta markmið kafla Landsskipulagsstefnu 2015–2026 um haf- og strandsvæði er aftur á móti eftirfarandi: “Skipulag nýtingar á haf- og strandsvæðum grundvallist á heildarsýn á málefni hafsins þar sem viðhaldið verði heilbrigði, líffræðilegri fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins.....”

Landvernd leggur því til að fyrsti liður markmiðsstefningar frumvarpsins verði:

“að nýting og vernd auðlinda haf- og strandsvæða verði í samræmi við skipulag sem hefur vernd líffræðilegrar fjölbreytni/náttúruvernd<sup>[1]</sup> og efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna....leiðarljósi”

f.h. stjórnar Landverndar  
Virðingafyllst,

Auður Magnúsdóttir  
framkvæmdastjóri



LANDVERND